


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Frá ofsóknara til boðbera Kristis



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Alastair Paterson
Aðlagð af: Ruth Klassen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

1



Guð gerði stórkostlega
hluti í gegnum fólk sitt
á upphafsárum
kirkjunnar.


Maður nokkur, Filippus að
nafni, var önnur
kafinn við að prédika Jesú
til fjöldsans í höfuðborg
Samaríu. En Guð sendi
hann úti eyðimörkina.
Af hverju?

2




Guð vissi að það var maður á ferð í eyðimörkinni, yfirmaður í hirð Kandake drottningar Eþíópíu. Hann var að fara heimleiðis og var að lesa í merkilegri bók. Getur þú ímyndað þér hvaða bók hann var að lesa?

3




Þegar Filippus hlýddi kalli Guðs, leiddi Guð hann beint til yfirmannsins sem var að lesa Guðs orð án þess að skilja það. Hann fagnaði komu Filippusar.

4




"Hvað þýðir þetta?" spurði hirðmaðurinn. Filippus svaraði og útskýrði ritninguna er hann spurðist fyrir um, og prédikaði Jesú til hans á meðan vagninn skrölti áfram á eyðimerkurvegnum.

5



Fyrr en varði fór afríkanski hirðmaðurinn að trúá boðskap Biblíunnar, að Jesús Kristur væri sonur Guðs. Er þeir komu að vatni nokkru, sagði hann, "Hvað hamlar mér að skírast?"

6



Þá svaraði Filippus, "Það getur þú, ef þú trúir af öllu þínu hjarta" Hirðmaðurinn svaraði þá, "Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs," tók þá Filippus hann að vatninu og skírði hann.


7



Nú er þeir komu uppúr vatninu, hreif andi drottins Filippus burt. Hirðmaðurinn afríkanski, sá Filippus ekki frammar, en hélt áfram leiðar sinnar með mikinn fögnuð í hjarta sínu.

8


En svo voru sumir sem hötuðu kristið fólk. Stefán, einn af vinum Filippusar, hafði verið gríttur til dauða af trylltum líð sem var á móti því að hann talaði um Jesú. Maður nokkur, Sál frá Tarsus, var meðsekur í dauða Stefáns. Sál hataði allt kristið fólk.



Sál, sem blés ógnum og hótunum um manndráp gegn kristnu fólki, gekk fyrir æðsta prestinn og beiddist bréfa af honum, er gáfu honum leifi til að taka menn og konur fanga, sem aðhylltust Jesú Kristi.



Páll frá Tarsus hafði ekki gert sér það ljóst, að þegar hann harmaði fólk er trúði á almáttugan Guð, að hann var í raun og veru að harma Jesú sjálfan. Nú var kominn tími fyrir Guð að stöðva Sál. En hvernig?




Guð stöðvaði Sál! Er Sál var á leið sinni til Damaskus, leiftraði skyndilega á hann skært ljós af himni. Sál féll til jarðar og heyrði rödd segja við sig: "Sál, Sál, hví ofsækir þú mig?"



"Hver ert þú herra?" spurði Sál. "Ég er Jesús, sem þú ofsækir." Skjálfandi og furðu lostinn, Sál spurði, "Herra, hvað viltu að ég geri?" Og Drottinn sagði við hann, "Rístu upp og farðu inní borgina, og þar verður þér sagt hvað þú átt að gera."



Samferðamenn Sáls heyrðu líka röddina en sáu engann. Er Sál reis upp frá fallinu, gerði hann sér ljóst að hann var blindur. Þeir leiddu hann til Damaskus.



Sál var sjónlaus í þrjá daga, og naut hvorki matar né drykkjar. Kannski hann hafi notað tímann til tala við og biðja til Jesú Krists sem hann hitti á veginum til Damaskus.



15

Allt var þetta fyrirætlað hjá Guði. Í Damaskus var lærisveinn nokkur, Ananíás að nafni, er var af Guði sendur til að hjálpa Sál. Ananíás hlýddi köllun Guðs. Þegar hann lagði hendur yfir Sál, fékk hann fulla sjón aftur og fylltist af Heilögum Anda.



16

Sál var skírður. Síðan borðaði hann. Eftir að hafa neitt matar, styrktist hann, og var nú tilbúinn að takast á við það sem framundan var.



17


Sál tók nú þegar að prédika í samkunduhúsunum, að Jesús væri sonur Guðs. Allir þeir sem heyrðu, undruðust og sögðu, "Er þetta ekki sá sem ofsótti og eyddi þeim er voru kristnir?"

Og sumir ráðguðust um að drepa Sál.




18

Nýir fjendur Sál's vöktuðu borgarhlíðin til að drepa hann, ef ske kynni að hann reyndi að flýja. En hinir nýju kristnu vinir hans fóru með hann að næturlagi, og létu hann síga niður í stórri kórfa yfir borgarmúrinn.



19

Að þessu loknu, varð Sál, sem fyrrum ofsótti kristið fólk, trúfastur fylgjandi meistara síns, Jesú Krists.



20

Frá ofsóknara til boðbera Krists


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 8, 9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

21



58



60

22

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd.
Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að
hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í
hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til
lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér
tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til
eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til
að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið
þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo
ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í
himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem
barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

23